



Erindi til fræðslunefndar

Verkefnið

Skema í HR leggur til, í samstarfi við grasrót af svæðinu og byggðarsamlagið Odda að fræðslunefnd innleiði nýja og framsækna námskrá í upplýsingatækni og forritun fyrir öll skólastig grunnskóla. Sérstök áhersla yrði sett á þrjá þætti: forritun, framleiðslu (e. *making*) og þjarka. Með því að þróa námskrá fyrir öll skólastig grunnskóla í einu er hægt að gera hana markvissari en annars.

Ávinningur

Forritun og upplýsingatækni er hratt að verða alltumlykjandi í samfélagi okkar. Það er þess vegna lykilatriði að undirbúa börnin okkar undir virka þátttöku í heiminum. Að innleiða kennslu í upplýsingatækni og forritun sem hefur verið hönnuð fyrir 21. öldina veitir ungmennum óumdeilanlegt forskot. Nú hefur megnið af hefðbundinni upplýsingatæknikennslu, eins og ritvinnsla eða glærुकynningar, verið fært inn í hefðbundna áfanga. Þess vegna býðst okkur núna tækifæri til þess að innleiða kennslu nýrra og framsæknari námsþátta í upplýsingatækni.

Framkvæmd

Við leggjum til að innleiðingin verði framkvæmd frá toppi til botns. Það er, að við byrjum á því að koma Upplýsingatækni og forritun inn í Skólastefnu byggðarsamlagsins. Næsta skref væri síðan að þróa markvissa námskrá fyrir grunnskóla, frá fyrsta upp í tíunda bekk. Í framhaldi af því myndum við framleiða það námsefni sem er nauðsynlegt til að uppfylla námskránnar. Við gerum ráð fyrir að hægt væri að klára námskránnar og kennsluefnið fyrir lok sumars og stefna að innleiðingu strax næsta haust.

Hvað er Skema í HR

Skema er samfélagsverkefni í eigu Háskólans í Reykjavík sem er rekið án hagnaðar í þágu samfélagsins. Skema rekur námskeið fyrir börn og ungmenni milli 4 og 16 ára þar sem við framkvæmum tilraunir um hvernig best er að haga upplýsingatækni og forritunarkennslu fyrir aldurshópin. Skema miðlar niðurstöðum sínum síðan til kennarasamfélagsins án kostnaðar.

Nú hefur Skema staðið að svona rannsóknum síðastliðin nokkur ár, en verkefni á borð við þetta eru næsta skref í vinnu að markmiði verkefnisins; að koma forritun og nútímalegri upplýsingatæknikennslu í alla grunnskóla landsins.